

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976
um happdrætti Háskóla Íslands.

1. gr.

16. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega í Reykjavík þar sem happdrættisráð samþykkir.

Útdráttur fer fram undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúa happdrættisins.

2. gr.

17. gr. orðist svo:

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a. Tölvu, sem samþykkt er af happdrættisráði og stjórnad af sérfróðum manni.
- b. Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Þessi hugbúnaður skal varðveittur í tölvutæku formi.
- c. Stokk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfu skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
- d. Nauðsynlegan tölvupappír og annan búnað í samræmi við þarfir forritsins.

3. gr.

d liður 19. gr. orðist svo:

- d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru færðar á gataspjöld, sem sett eru í tölvuna, eða settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. febrúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti
Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega í Reykjavík þar sem happdrættisráð samþykkir.

Útdráttur fer fram undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúa happdrættisins.